

Nr. 093 / 16 Vilhelm Þorsteinsson EA 11**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 2410 IMO nr. 9223136
Smíðaður: Póllandi og Noregi 2000, stál
Útgerð: Samherji hf
Stærð: 1632,5 brl. 3239 bt.
Mesta lengd: 78,96 m Skráð lengd: 69,34 m
Breidd: 15,94 m Dýpt: 9,5 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 26



Vilhelm Þorsteinsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. október 2016 var Vilhelm Þorsteinsson EA 11 á siglingu út af Austfjörðum. Veður: SSV 1-2 m/s.

Skipið varð vélavana um 0,5 sml út af mynni Reyðarfjarðar og skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga um aðstoð. Stuttu síðar tókst skipverjum að ræsa aðalvél og var aðstoð afturkölluð.

Við rannsókn kom fram:

- að stýriloki fyrir ræsiloft var bilaður og hleypti öðru hvoru ræsilofti inn á vélina. Skipt var um stýriloka fyrir ræsiloft þegar skipið kom til hafnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.